



Fréttabréf Brekkuskóla

19. janúar 2015
5. tbl. skólaárið 2014- 2015
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Skólastarfið er komið á fullt skrið eftir jólaeyfi og vetur konungur lætur vita vel af sér um þessar mundir. Við látum það ekkert á okkur fá og höldum inn í nýtt ár með bros á vör og gleði í hjarta.

Nokkrar heimsóknir eru skipulagðar nú í janúar. 5 árgangur fékk til að mynda Marita-fræðslu sem byggir á því að standa með sjálfum sér og er uppistaða fræðslunnar forvarnir. Bóndi mun heimsækja 7. árgang í síðustu viku janúarmánaðar og á sama tíma mun Þorgrímur Þráinsson rithöfundur heimsækja 10. bekkinga og kynna fyrir þeim "Lífshjólíð". Þorgrímur ræðir við nemendur um markmið sem þau geta sett sér í lífinu, hann ræðir um það val sem nemendur sjálfir hafa um heilbriggt líf og heilsu og að standa með sjálfum sér.

Spiladagur sem áður var haldinn í desember hefur nú verið færður fram á þetta nýja ár og er fyrirhugaður þann 20. janúar. Þá verða myndaðir "vinaárgangar" sem munu halda út þetta skólaár. Stefnan er að vinaárgangar eigi samverustundir saman öðru hverju sem kennarar árganganna skipuleggja. Í haust taka síðan við nýir vinaárgangar sem gera áætlun um vinaverkefni heilt skólaár. Uppbyggingastefnan verður að sjálfsögðu höfð að leiðarljósi á þessum stefnumótum árganganna.

Í byrjun næsta mánaðar verða samtalsdagar foreldra, nemenda og kennara. Þá er farið yfir námsframvindu nemenda og gerðar áætlanir um framhaldið. Námsmat birtist í verkefnabókum Mentor og í sumum námsgreinum er komið mat inn í námsframvindukerfi Mentor sem kennarar eru að aðlagða að starfinu með nemendum.

Kennarar og skólastjórnendur eru þessa dagana að setja sig inn í fyrirhugað vinnumat sem mun fara fram á þessu ári ef atkvæðagreiðsla um þann hluta kjarasamnings kennara verður samþykkt. Ljóst er að mikil vinna mun þá fara í að aðlagast nýjum samningi og átta sig á breytingunum. Það á hins vegar ekki að breyta því skipulagi sem þegar hefur verið sett upp í skólastarfi skólans.

Samtaka, Saft og Heimili og skóli áætla að standa fyrir kynningu, fræðslu og málfundi um notkun tölva og aðgang að neti í lífi grunnskólanemenda. Það mun verða auglýst nánar á vef skólans en áætluð dagsetning er 29. janúar 2015.

Megi nýja árið taka vel á móti ykkur.
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri



Myndir úr list- og verkgreinum

Gildi mánaðarins er "Kurteisi"

Úr skólanámskrá Brekkuskóla:

- Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum.
- Við sýnum öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi.

Hlutverk okkar er m.a.:

- Að kenna nemendum að virða náunga sinn og umhverfi.
- Að kenna nemendum að bera ábyrgð á gerðum sínum og eigin heilbrigði.

Uppbyggingarstefnan:

- Við lærum leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun.
- Við lærum að bera ábyrgð á eigin mistökum, leiðrétta þau og bæta fyrir þau.
- Við lærum að vera við sjálf - þær manneskjur sem við viljum vera.

Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Janúar 2015

4.	5. Starfsdagur	6. Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Þrettándinn	7. Soðið lambakjöt. Kartöflur, sósa, salat og ávextir	8. Björkeby fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	9. Sveppasúpa, brauð, salat og ávextir	10.
11.	12. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	13. Kjöt og kjötsúpa og ávextir	14. Grænmetisbuff, salat, sósa og ávextir	15. Gufusoðinn ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir Maritafraeðsla í 5. bekk	16. Gúllas, kartöflustappa, grænmeti og ávextir	17.
18.	19. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	20. Lasagne, brauð, salat og ávextir Spiladagur	21. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	22. Heimalöguð pizza, salat og ávextir	23. Makkarónugrautur, slátur, salat og ávextir	24.
25.	26. Hakk og spaghetí, brauð, salat og ávextir Bóndi heimsækir 7. bekk og Þorgrímur Þr. 10. bekk	27. Fiskiklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir	28. Grísnitsel, kartöflur, salat og ávextir	29. Soðinn fiskur, kartöflur, heit sósa, salat og ávextir Kynning og umræður á vegum Samtaka, Saft og Heimili og skóla - sjá vef www.brekkuskoli.is	30. Rjómalöguð súpa, brauð, salat og ávextir	31.

Breytt verðskrá fyrir Frístund og skólamáltíðir frá 1. janúar 2015.

Frístund:

Skráningargjald 20 klst. - 6.860 kr.*

Hver klst. kostar 343 kr.

Síðdegishressing kostar 130 kr.

*Fjölskylduafsláttur reiknast af grunngjaldi. Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börnin að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.

Fæði:

Annaráskrift 441 kr. máltíðin.

Stök máltíð 551 kr.

Mjólkuráskrift 2. 912 kr.

Ávaxtaáskrift 6. 656 (heill ávöxtur).



Uglur unnar í textílmennnt

Foreldrafraeðsla

Samtaka, Saft og Heimili og skóli stefna á málfund með foreldrum á Akureyri fimmtudagskvöldið 29. janúar 2015 seinni Nánar verður auglýst á vef skólans þegar nær dregur.

Foreldrar!

Takið kvöldið frá!